

SAMVINNAN

XXVII. ÁRGANGUR

RITSTJÓRI
JÓNAS JÓNSSON



REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA
PRENTSMÍÐJAN ACTA
1934

Samvinna og kommúnismi.

I.

Samvinnustefnan hefir dafnað hér á landi í meir en hálfu öld. Hún hefir styrkst með hverju ári. Hún hefir tekið í sínar hendur mestalla smásölu og stórsölu fyrir bændur landsins. Hún hefir kennt þjóðinni vöruvöndun og að heimta ósvikna vöru til neyzlu. Samvinnan hefir kennt bændastéttinni og nokkrum hluta bæjar- manna að leysa mörg önnur verkefni, heldur en þau, sem lúta að verzlun, með frjálsum samtökum. Nálega allar þær umbætur, sem Framsóknarflokkurinn hefir unnið að og komið í framkvæmd, eru óbeinlínis að þakka verk- legri æfingu, sem fengist hefir við starf kaupfélaganna og Sambandsins.

Mér kemur í hug dæmi um hin sýnilegu áhrif kaup- félaganna. Ég gisti síðastliðið sumar á stóru sveitaheim- ili hér á landi. Ég þekkti fólkið á þessum bæ fyrir 30 ár- um. Húsmóðirin var að spjalla við mig um daginn og veginn. Meðal annars sagði hún að sér findist kaupfélag- ið sitt vera farið að berast of mikið á. Það væri orðið ofurefli fyrir sig og sína líka. Hún benti á hin ágætu hús þessa félags og margskonar fjölbreytni og stórhug í daglegri starfsemi. Konan sagði að þetta væri að vísu glæsilegt, en sér findist samt að það væri ofurefli fyrir sig og annað sveitafólk.

Ég sagði húsfreyjunni, að mér findist henni skjátl- ast um það, að umbætur kaupfélaganna væru stórstígari

en umbætur á lífskjörum félagsmannanna. Ég benti henni á, að ég vildi rökstyðja mína skoðun með því að leiða umræðuna að hennar eigin heimili. Ég sagði henni, að allir vissu, að hún hefði verið alin upp hjá efnuðum for- eldrum. En í æsku hennar hefði verið gamall, kaldur og óþægilegur torfbær á jörðinni. Þá hefði verið veglaust í kaupstaðinn og faðir hennar verið tvo daga hvora leið til og frá verzlunarstaðnum með varning sinn á mörgum áburðarhestum. Nú væri öðruvísi um að litast á hennar eigin heimili. Þar væri komið vandað steinhús með aðal- hlið móti sól, en svo var ekki á gamla bænum. Í nýja bænum væri miðstöð, og auk þess rafmagn til ljósa, suðu og hitunar. Túnið var að mestu slétt og slegið með sláttu- vél, en sonur hjónanna flutti heyið í hlöðuna á bíl og fór í kaupstaðinn á sama bílnum, en var nú ekki nema 3 klukkustundir, þar sem afi hans var tvo daga með sína klyfjahesta. Landsímastöð var á bænum og útvarp, sem náði til stöðva út um öll lönd. Í samtalinu kom í ljós, hví- líka gleði heimilisfólkið hafði af því að fá í útvarpinu hina fegurstu kirkjumusik sunnan úr stórborgum álf- unnar, auk þess sem var heimaþingið.

Ég benti húsfreyjunni á, að hennar eigið heimili hefði tekið jafnmiklum stakkaskiptum, eins og kaupfe- lagið, sem óneitanlega var einhver fullkomnasta verzlun á landinu.

Vitanlega hafa ekki öll samvinnuheimili öll þau ytri gæði, sem búið var að bæta við hjá þessum gestvini mínum. En mjög er þó stefnt í sömu átt um allt land og mikið óunnið. Og þegar ég lít yfir aðstöðu þessa heim- ilis, eins og það er nú, og tek það til dæmis um þróunina í landinu, þá er ég ekki í efa um að þessar stórfelldu framfarir hefðu ekki verið hugsanlegar nema af því að samvinnustefnan hefir ráðið svo miklu hér í verzlun og landsmálum. Ef hér væri enn eingöngu innlendir og út- lendir kaupmenn á hverri höfn, þá myndu þeir hafa eflt sig með því að taka til sín mestallan arðinn af striti fólksins. Undir þeim kringumstæðum myndu þröngsýnir

og íhaldssamir embættismenn hafa ráðið vinnubrögðum Alþingis, og látið sér nægja að hirða laun sín, en lítt hugsað um velferð almennings.

Þegar ég lít yfir ástand landsins eins og það er nú, þá virðist mér að ekki verði um það deilt, að langsamlega mest allar þær umbætur, sem gerðar hafa verið hér á landi á síðasta mannsaldri, eru beinlínis eða óbeinlínis að þakka starfi samvinnumannanna í landinu.

Og það sýnist sannarlega ekki útlit fyrir að hér sé um stöðvun að ræða. Samvinnan tekur þar ný og ný verkefni. Kaupmanna- og útgerðarmannavaldið hefir hrúnið víða um land síðan kreppan tók að þrengja að. „Feður fólksins“, kaupmenn og útgerðarmenn, sem fengið höfðu lán sem námu hundruðum þúsunda eða jafnvel miljónum, hafa hrúnið úr hásetum sínum og skilið fólkið eftir atvinnu- og bjargarlaust. Hvert var þá hjálpar að leita? Til samvinnunnar og ekkert annað. Samvinnuútgerðin á Ísafirði er líftaug bæjarins. Sama er að segja um Bíldudal og mörg önnur sjóþorp, sem eru að koma fótum undir heilbrigðan atvinnurekstur á samvinnugrundvelli. Bæði í Reykjavík og Hafnarfirði er samvinnuútgerð togara að byrja, og það er ekki sýnilegt, að nokkur önnur leið sé opin til að bjarga Reykjavík frá beinu hrúni í atvinnu- málum og frá óleysanlegum deilum verkamanna og útgerðarmanna, heldur en sú, að allir sem vinna að því að fiska og verka fiskinn í landi verði félagsbræður í starfinu, og skipti afrakstrinum réttlátlega á milli þeirra sem framleiðsluna stunda.

II.

Á síðustu árum hefir borizt hingað til lands ný auðsjöfnunarstefna, kommúnisminn. Enn hefir hún að vísu lítið fylgi, engan fulltrúa á þingi, fáa í bæjarstjórn og lítinn kjósendahóp. En þessi stefna snýr sér fyrst og fremst til æskunnar í landinu, lofar miklu, prédikar trú sína með miklum hita og fögrum loforðum. Og á einstöku stað hafa unglingar tekið þessu trúboði með fögnuði. Ef svo héldi áfram, og ef lífið kenndi ekki þessum æsku-

mönnum önnur fræði, þá gæti svo farið, að kommúnisminn færi innan skamms að verða nokkurs ráðandi um félagsleg átök hér á landi. Kommúnisminn skoðar sig í sérstakri andstöðu við samvinnustefnuna og gerir það sem unt er til að sannfæra menn um að úrræði samvinnunnar séu svo veik og áhrifalítill, að þýðingarlaust sé fyrir þá menn, sem á annað borð vilji bæta lífskjör fólksins, að beita orku sinni undir hennar merkjum.

Samvinnumennirnir íslensku hafa þess vegna rétt til að heimta skýr rök frá þessum andstæðingum. Þeir hljóta að spyrja þessa nýju umbótamenn, hvort þeir treysti sér til að ganga undir sögulegt próf, og bera saman það sem samvinnan og kommúnisminn eru búin að framkvæma hér á landi. Og þeir hljóta að biðja um annan samanburð: Hvor stefnan er líkleg til að verða Íslendingum að meira gagni í framtíðinni, ef lítið er á allar kringumstæður?

III.

Til að sýna kommúnistum fulla sanngirni, er rétt að byrja á sögu þeirra úti í löndum, þar sem þeir hafa haft meira verkefni en hér á Íslandi.

Fyrir 180 árum byrjaði vélavinnan í heiminum. Gufuvelin var fundin upp og með orku hennar hófst stórframleiðsla, stóriðja, stórborgir og stórauður nútímans. Bændafólkið safnaðist úr hinum dreifðu byggðum landanna í borgir, þar sem atvinna var við námugróft eða verksmiðjuíðnað. Auðmennirnir, sem áttu námurnar og verksmiðjurnar, hugsuðu yfirleitt ekki um annað en að græða og voru algerlega hlífðarlausir um hag verkamanna sinna. Verkafólkið bjó í aumum hreysum, hafði lágt kaup, gífurlega langan vinnutíma. Konur verkamanna og börn urðu líka að vinna, til að bjarga heimilunum undan hungursneyð. Vinnandi fólkið og börn þeirra var beitt harðýðgi og hrottaskap í hvívetna. Alls ekkert var hugsað um uppeldi barnanna. Stundum voru 6—10 ára drengir látnir draga litla kolavagna eftir þar til gerðri járnbraut niður í námunum, þar sem gangurinn var svo

lágur, að börn áttu auðveldara að skríða á fjórum fótum heldur en fullorðinn maður. Fjöldi unglinga óx upp í iðjuborgunum, sem hafði ekki, á fullorðinsárunum, svo mikið sem heyrt nafn Jesú Krists nefnt, og önnur fræðsla var eftir því.

Þegar liðinn var áratugur með því líkri eynd verkamannastéttarinnar, hófu hinir undirokuðu sjálfbjargarviðleitni. Kúgun og hlífðarleysi atvinnurekenda í vélaiðjunni, skapaði verkamannahreyfinguna og í öðru lagi og sérstaklega kaupfélagsstefnuna. Verkamannastefnan eða socialisminn myndaði samtök verkamanna um kaupgjald, stytting vinnudags, vinnu kvenna og barna, tryggði lífvænlega aðbúð og öryggi starfsfólks í námum og verksmiðjum. Þegar kom fram á 19. öld, gerðust verkamannafélögin pólitískur flokkur í hverju iðnaðarlandi, sem beitti sér fyrir umbótum í landinu, sem aðrir framfaraflokkar, með því að afla málstað sínum fylgis á friðsamlegan hátt. Samvinnuhreyfingin spratt líka upp úr sama jarðvegi. Það voru atvinnulausir vefarar í stóriðjuborg, sem mynduðu hið fyrsta kaupfélag, í því skyni, að leggja grundvöll að nýju þjóðskipulagi, sem væri byggt á frjálsum samtökum vel menntaðra og þroskaðra einstaklinga.

Um miðja 19. öld byrjaði verkamannahreyfingin að skiftast í tvær greinar. Annarsvegar voru jafnaðarmenn, sem vildu vinna að málum sínum á þingræðisgrundvelli og eingöngu á friðsamlegan hátt. Þessi armur stefnunnar áefir náð geysimiklu fylgi í flestum löndum í álfunni vestanverðri, og unnið þar áratugum saman á grundvelli núverandi þjóðskipulags. Alloft hafa menn úr þessum flokki setið í landstjórn með mönnum úr borgaralegum umbótaflokkum, og þókað málum verkamanna áfram, svo að sú stétt er í sumum löndum, t. d. í Danmörku, engu miður sett um alla afkomu og lífsmöguleika, heldur en aðrar stéttir þjóðfélagsins.

En nokkur hluti verkamanna og leiðtoga þeirra tók aðra stefnu. Þeir sögðust ekki vilja neitt hafa með að gera hægfara umbætur. Þeir sögðust ekki viðurkenna

grundvöll þjóðskipulagsins. Þeir vildu enga samvinnu hafa, hvorki við jafnaðarmenn eða borgaralega umbótaflokka. Þeir vildu aðeins byltingu, brjóta niður þjóðskipulagið og í stað þess láta byrja þúsund ára ríki sameignarinnar. Þessi flokkur nefnist kommúnistar.

Alla 19. öldina var stöðug þróun í Evrópu í átt til meira réttlætis í skiptum þjóða og stétta. Undirokaðar þjóðir, eins og við Íslendingar, vöknudu til meðvitundar um rétt sinn, kröfðust hans og fengu hann. Samvinnustefnan breiddist út í öllum menningarlöndum og bætti lífskjör efnaminni stéttanna. Í þjóðþingunum unnu lýðræðisflokkarnir að því að ummynda þjóðfélagið þannig, að þar yrði sem bezt séð fyrir hag allra borgara.

Um aldamótin 1900 sagði Balfour lávarður, einn hinn vitrastí stjórnmálamaður Englands, að þingstjórnin og þingræðið gæti náð tilgangi sínum meðan til væri í landinu tveir eða fleiri flokkar, sem að vísu hefðu ólíkar stefnur, en byggðu þó á sama grundvelli. — Þróun þingræðisstefnunnar var óslitin í menningarlöndunum, þar til kommúnisminn kom til sögunnar og svartliðastefnan, sem myndast hefir sem mótvægi gegn kommúnismanum.

Hinna byltingarkenndu jafnaðarmanna gætti mjög lítið, þar til stríðið undirbjó skilyrðin fyrir kommúnisma í Rússlandi.

Svo sem kunnugt er, hafði keisarinn rússneski, aðallinn, kirkjan og embættislýðurinn unnið að því öldum saman að kúga rússnesku bændurna. Er sú saga löng og ljót og ein af hræðilegustu þáttum menningarsögunnar. Á 19. öld, meðan lýðræði og persónufrelsi hélt sigurför land úr landi í Vestur-Evrópu, ríkti hin grimma kúgun á öllum sviðum í Rússlandi. Gáfumenn og hugsjóamenn landsins höfðu ekkert verkefni fyrir yfirburði sína í landinu sjálfu. Oftast sendi yfirstéttin þá í fangelsi til Síberíu eða hrakti þá til Vesturlanda í æfilanga útlegð.

Eins og að líkindum lætur skapaði slíkt stjórnar-

ástand byltingar- en ekki umbótahug. Því djarfari sem þessir umbótamenn voru, því ljósara var þeim, að öll sund voru þeim lokuð nema ofbeldisleiðin. Og þeir þjuggu sig undir að fara þá leið.

Svo kom heimsstríðið og stóð mörg ár. Rússneska þjóðin fórnaði miklu og fékk lítið í aðra hönd. Ríkisstjórnin var veik og spillt. Herstjórnin var þröttlaus. Hermennirnir voru vonlausir og nauðugir. Þjóðin heima fyrir þreytt og óánægð. Eftir þrjú stríðsár hrapar ríki rússnesku yfirstéttarinnar eins og spilaborg. Bændurnir voru stærsta stétt landsins. En þeir voru ánauðugir, sundraðir og óvanir að ráða nokkru. Yfirstéttin var eigingjörn, spillt og fávís, og lá óvíg í blóði sínu. Verkamannastéttin í iðnaðarborgunum var að vísu ekki fjölmenn í samburði við bændurna, en hún var þó sterkasta stéttin. Hún bjó í þéttbýli, og hún gat tekið á sameiginlega. Hér var óvenjulega heppilegur akur fyrir hina gáfuðu útlaga, sem keisarastjórnin hafði ofsótt eins og villidýr. Nú komu þeir heim, og tóku forustuna yfir verkalýð bæjanna. Ríkið var forustulaust. Sá fyrsti og sterkasti sem kom, gat tekið land og þjóð, og sezt í háseti keisarans og hinnar gömlu, sigruðu yfirstéttar.

Útlagarnir voru gáfuðustu og menntuðustu menn landsins. Þeir einir vissu hvað þeir vildu. Þeir gerðu verkamennina að liðsmönnum sínum. Þeir gáfu bændunum leigujarðir þeirra til eignar og fengu þannig frið við þá um stundarsakir. Þeir sköpuðu sér nýjan her. Þeir hröktu úr landi eða líflétu það sem til náðist af hinni fornu yfirstétt. Þeir sýndu engu minni grimmd við andstæðinga sína, heldur en beitt hafði verið við þá.

Kommúnistar hafa nú setið við völd í Rússlandi síðan 1917. Þeir drottna þar með harðstjórn, en allmiklum þrótti og framsýni. Þeir hafa brotið niður gömlu yfirstéttina. Utanríkisverzlunina og mikið af iðnaðinum reka þeir sem ríkisfyrirtæki. Framfarir hafa á sumum sviðum orðið miklar, eins og eðlilegt er í svo vanræktu landi. En mest af því sem Rússar eru nú að gera til umbóta, eru

lýðræðisþjóðir Vesturlanda búnar að gera á 19. og 20. öldunum, með friðsamlegum framförum en engri byltingu.

Það var happ kommúnistanna að fá þau vaxtarskilyrði, sem til voru í Rússlandi, fá land, sem var stórt og auðugt að náttúrugæðum, land, sem hafði átt við hin verstu og ranglátustu stjórnarkjör að búa, land, þar sem yfirstéttin var hrunin og ríkið opið eins og mannlaust og eignarlaust hús. Í slíku landi var byltingin óhjákvæmileg og eðlileg.

Og í slíku landi var mögulegt fyrir óvinsæla nýjungarstefnu að haldast við. Karl 12., Napóleon mikli og Hindenburg höfðu reynt að brjótast inn í Rússland með hervaldi, en hinar víðáttumiklu sléttur voru bezta vörn þjóðarinnar. Eins fór, er margir herir, studdir af Vesturþjóðunum sóttu rússnesku kommúnistana heim. Slétturnar björguðu byltingamönnunum eins og áður keisarastjórninni.

Í engu öðru landi í Evrópu voru þvílík skilyrði fyrir kommúnistabyltingu eins og í Rússlandi. Og í engu öðru landi álfunnar gat slíkt þjóðfélag staðið gegn óvináttu alls heimsins. Rússland hafði öll náttúrugæði sem til voru á jörðinni. Þjóðin gat búið að sínu. Og landið var svo stórt og torsótt, að það varð ekki gersigráð af útlendum her.

Ef Þýzkaland, Frakkland, Ítalía eða England hefðu eftir stríðið reynt að gera tilraun Rússa, í óvild allra annara þjóða, þá myndi sameignarríkið hafa verið kæft í fæðingunni í hverju þessara landa.

Veldi kommúnistanna í Rússlandi er þess vegna byggt á sögulegri og landfræðilegri tilviljun. Þessa gæta ekki þeir menn, sem halda að byltingarstefnan muni þá og þegar flæða yfir öll lönd, jafnvel verða til að létta lífskjör erfiðismanna á Íslandi.

Rússar hafa verið miklu fé og orku til að útbreiða kenningar sínar. En það hefir komið í ljós, að byltingarstefnan þrífst hvergi nema þar sem þjóðir eða stéttir eiga við sérstaklega hörmuleg kjör að búa. Kommúnism-

inn er angistaróp kúgaðra og örvinglaðra manna. En sé sól hleypt inn í heimili fólksins, ef dugandi mönnum bjóðast frjálsmannlegri lífsskilyrði, þá hverfur byltingarlöngunin úr hugum manna. Þá skilja menn að það eru aðrar leiðir, sem fátækir atorkumenn eiga að fara til að njóta ávaxtanna af iðju sinni.

Kommúnistar hafa gert mikið til að efla fylgi sitt utan Rússlands. Fyrst eftir rússnesku byltinguna bar nokkuð á kommúnisma í Svíþjóð og Noregi, en síðan hefir sú stefna að mestu horfið í þeim löndum. Í Danmörku, Hollandi og Englandi verður kommúnisma tæplega vart. Í Frakklandi gætir hans ekki, þó að Rússar hafi lagt stórfé í að halda þar úti blaði, sem áður var stór-áhrifamikið undir stjórn jafnaðarmanna. Þýzkaland er eina ríkið í Vestur-Evrópu, þar sem mjög verulegur hluti verkamanna hallaðist að kommúnisma. Ástæðan var auðsæ. Hörmungar þýzkra fátæklinga voru meiri en nokkurra annara manna í Vestur-Evrópu. Þeir höfðu líðið skort stríðsáranna. Á þá voru lagðar skaðabætur, sem meiri voru en unt var að standa undir. Í Þýzkalandi voru öll skilyrði fyrir hendi til að skapa örvinglun. Og hún kom. Allmikill hluti verkamanna gerðist kommúnistar og prédikuðu byltingu, að þeir ætluðu að gera öðrum stéttum í landinu sömu skil og bolsévikar höfðu gert í Rússlandi. Kommúnistar skildu sig frá jafnaðarmönnum og öðrum umbótaflokkum, og gerðu allt til að brjóta þá niður, engu síður en hina harðsvíruðu íhaldsmenn, hina sönnu andstæðinga verkamanna.

Og hver hefir svo orðið árangur kommúnismans í hinu eina lýðfrjálsa landi, þar sem þó voru skilyrði fyrir hann að þróast? Árangurinn hefir orðið sá, að byltingarskrá og hótanir kommúnista hafa leitt til þess, að auðmenn landsins hafa eftir flokka á móti þessari byltingarstefnu. Auðmennirnir hafa ekki viljað láta taka af sér fjármagn og aðstöðu eins og í Rússlandi. Þeir hafa orðið fyrri til, raunverulega framkvæmt byltingu, og halda nú niðri með hinni mestu grimmd og réttleysi, ekki aðeins

kommúnistum, heldur líka öllum umbótaflokkum landsins. Skaðabótakröfur bandamanna og kommúnisminn hafa skapað þá siðlausu kúgunarstefnu, sem nú ræður í Þýzkalandi, og hefir um stund hrifið þá miklu þjóð úr samfélagi menntaðra ríkja. Kommúnistar í Þýzkalandi eiga nú að búa við þær mestu hörmungar, sem lagðar verða á nútímamenn. Og þessar hörmungar mega þeir kenna sjálfum sér. Þeir hafa sjálfir boðað byltingu, að þeir vildu kúga aðrar stéttir, og ekki virða lög, siðgæði né drengskap í skiftum við aðra flokka og stéttir. Andstæðingarnir hafa tekið upp samskonar stefnu, vinnubrögð og aðferðir. Munurinn er nú sá aðeins, að í stað þess að kommúnistar ætluðu með valdi að kúga yfirstéttina takmarkalaust, þá hefir yfirstéttin snúið að þeim þeirra eigin vopnum, og lætur þá nú finna hvað hinir sigruðu verða að þola í byltingu.

IV.

Hvaða erindi á kommúnisminn til Íslands? Var hér um að ræða kúgun eins og þá í Rússlandi? Varð íslenska þjóðin í tvo mannsaldra að gjalda erlendri þjóð hernaðarskaðabætur, sem ekki varð risið undir, eins og í Þýzkalandi?

Víst ekki. Engin slík bönd krepptu að á Íslandi. Hér var lítil þjóð í stóru landi með nægum auðsuppsprettum. Hér var verkefnið að bæta landið, gera náttúruna sér undirgefna, bæta lífskjör fólksins. Hér var engin hernaðarhætta, engin hætta af ytri kúgun. Hér var fullkomnið persónu- og atvinnufrelsi. Hér gat hver gagnleg nýjung náð meirihlutafylgi á Alþingi eða í sveitar- og bæjar-málefnum, ef málstaður var góður og vel fluttur. Samt hefir kommúnismi byrjað hér og talið það sitt sérstaka verkefni, að tortryggja samvinnustefnuna og hennar áhugamál.

Verkamannahreyfingin byrjaði hér á stríðsárunum, sem friðsamleg umbótahreyfing, alveg hliðstæð slíkum hreyfingum í iðnaðarlöndunum. Verkamannahreyfingin hefir gert allmikið gagn hér í hinum stærri bæjum. Hún

hefir safnað verkamönnunum í pólitískan umbótaflokk, sem hefir nokkur áhrif í bæjar- og landsmálum. Sá flokkur hefir beitt sér fyrir að stytta vinnutíma, þar sem hann var óhæfilega langur, tryggt lágmarkskaup við algenga vinnu, beitt sér fyrir tryggingar- og mannréttindamálum, fyrir bættum húsakynnum verkafólks í bæjunum o. s. frv. Auk þess hefir þessi flokkur verkamanna stutt samvinnumenn á þingi við nálega allar þær umbætur á löggjöf landsins og réttarfarsmálum, sem sá flokkur hefir unnið að.

Forgöngumenn kommúnismans hér á landi eru nálega eingöngu háskólapiltar, sem dvöldu til náms í Þýzkalandi, eftir stríðið, og urðu fyrir beinum áhrifum af hinum vaxandi kommúnisma þar í landi. Enginn af þessum ungu mönnum lauk embættisprófi í Þýzkalandi. Allir komu þeir heim, án sérstakra atvinnumöguleika, þrátt fyrir nám sitt. Allir höfðu þeir tekið „trú kommúnismans“ í öðru landi, þar sem sérstakar kringumstæður höfðu gefið byltingarstarfinu byr undir báða vængi. Enginn þessara manna virðist hafa skilið, að hér á Íslandi hafði byltingarstefnan engin vaxtarskilyrði, gat aðeins orðið til skaða og tjóns fyrir fátæklingana á Íslandi.

Hinir þýzkmenntuðu, ungu kommúnistar á Íslandi hafa lagt mikla stund á að útbreiða kenningar sínar. Þeir hafa ferðast um og haldið ræður og fundi. Þeir hafa gefið út blöð og ritlinga. Þeir hafa lofað miklu, en ekkert af því átti eða gat komið fyr en byltingin var um garð gengin, fyr en kommúnistar höfðu sett á stofn harðstjórnarskipulag sitt með alræði öreiganna. Verulegur hluti af trúboði kommúnista hefir verið fölginn í því að lýsa ágæti framfaranna í Rússlandi. Og það hefir verið undirskilið, að hver atvinnulaus skóladrengur, sem hallaðist að byltingarstefnunni hér á landi, myndi á einhvern dularfullan hátt verða aðnjótandi rússnesku framfaranna.

Kommúnisminn skorar samvinnustefnuna á hólum hér á landi og biður æskuna að veita sér víggengi. Þegar æska landsins á að dæma um, hvort hún vilji fyrir sig

eða sína þjóð styðja samvinnustefnuna eða byltingarstefnuna, þá ber að líta á tvennt: 1. Hvað hafa þessar stefnur gert fyrir íslenzku þjóðina? 2. Hvaða möguleika hafa þessar stefnur til að hjálpa íslenzku fólki í lífsbaráttu þess?

Ég hefi áður bent á, að í hálfra öld hefir samvinnustefnan verið líftaug íslenzku þjóðarinnar. Hún hefir hjálpað íslenzkum sveitamönnum til að ná sannvirðisverzlun, til stöðugt vaxandi vöruvöndunar, til að njóta til fulls hagnaðar af stórverzlun, bæði um innkaup og sölu. Og í skjóli samvinnufélaganna hefir vaxið upp samvinnuflokkur á Alþingi, sem hefir haft forgöngu um nálega öll umbótamál landsins, síðan hann tók til starfa. Og framundan liggja ný verkefni, sem engir aðrir en samvinnumenn eru að leitast við að leysa. Verzlunin í flestum stærri bæjunum, einkum í Rvík, er nálega öll í höndum kaupmanna. Þar má spara miljónaútgjöld almenningsi til handa, með samvinnu. Stórútgærðin í landinu er rekin með tapi ár eftir ár. Eigendur fjármagns og verkamenn koma sér ekki saman og sigla skipi sínu í strand. Samvinnan er þar að grípa inn í meir og meir með ári hverju. Atvinnulíf og verzlun sjávarmanna er í yfirvofandi hættu, nema samvinnan komi þar sem leiðarstjarna í stað samkeppni.

Kommúnisminn hefir enga frægðarsögu sér að baki hér á landi. Hann hefir á engan hátt gripið inn í líf landsmanna til gagns. Hann hefir ekki bætt vöruverði eða vöruvöndunina, ekki aukið ræktun landsins, ekki brúað ár eða lagt vegi, ekki komið upp verksmiðjum, ekki aukið tryggingarlöggjöfina, ekki bætt skóla landsins eða sjúkrahús. Ekki byggt holl húsakynni fyrir erfiðismenn til sjávar eða sveita.

Kommúnisminn hefir ekkert gert af þessu. Hann hefir ekki stutt að neinu umbótamáli á Íslandi. Hann gæti starfað hér í þúsund ár, á sama hátt og hingað til, án þess að hafa bætt lífskjör nokkurs manns í landinu, nema þeirra, sem fyrir kaup vinna að því að útbreiða byltingarkenningar.

Hver sá æskumaður á Íslandi, sem byrjar að aðhyllast trú kommúnista, er um leið „tekinn frá“ í umbóta-baráttu landsins. Hann tekur hvergi í strenginn með samlöndum sínum, sem eru að vinna að því, að gera landið sem byggilegast fyrir þjóðina. Kommúnisminn einangrar sig, utan við hið nýta starf þjóðfélagsins. Hann bíður eftir byltingunni, þegar hann á að verða öllu ráðandi og allir, sem hafa aðra skoðun, eiga að vera réttlausir.

En til að gera mönnum enn ljósara fánýti byltingarstefnunnar, vil ég gera ráð fyrir ýmsum möguleikum, gera ráð fyrir hinum beztu vaxtarskilyrðum fyrir kenningar kommúnista, og sjá hver yrði samt árangurinn af veldi þeirra.

Menn segja, að í vopnlausu landi eins og hér, geti hvaða flokkur sem er, náð völdum um stund með því að vopna nokkra menn. Eftir því sem gerist í Rússlandi þyrftu kommúnistar á Íslandi ekki að vera nema 1000 manns, til að geta hrifsað völdin með byltingu.

Gerum ráð fyrir því, að kommúnistar í Rvík hefðu 200 vopnaða menn, að aðrir væru vopnlausir, að þeir hersettu bæinn, settu ráðherrana og bankastjórana í fangelsi og skipuðu sína menn til að stjórna landinu og bönkunum, en vopnaðir menn gengju dag og nótt um bæinn, til að verja hið nýja ríki. Hvað myndi gerast næst? Kommúnistar myndu eins og í Rússlandi slá striki yfir skuldir ríkis, bæja og atvinnufyrirtækja erlendis. Eftir fáa daga myndu herskip einhverrar nábuþjóðar koma á höfnina og endurtaka söguna um Jörund hundadagakonung. Nokkrir dátar myndu ganga í land, taka „harðstjóran“ og lífvörð hans og fara með út á skip. Ef eitthvað væri ógreitt af enska láninu frá 1921, myndi væntanlega setjast hér að maður frá þeim lánveitanda og innheimta tolltekjurnar, þar til skuldin væri borguð að fullu. Í þessum svifum gæti vel farið svo, eins og með ýms lítillönd úti í heimi, að þjóð, sem farið væri að stjórna af annari þjóð, af því hún stæði ekki í skilum, missi hið pólitíska sjálfstæði um leið og gengið verður að skuldunum.

Hér dugar ekki að vitna í Rússa. Stærð þjóðarinnar og einangrun sléttulandsins gerði þeim kleift að bregðast um greiðslu skulda til útlanda.

En auk skuldamála út á við eru engar líkur til að lýðfrjálsar þjóðir hér í nágrenninu vildu þola byltingaríki á Íslandi. Og þyrftu ekki einu sinni hervald til að kúga kommúnista niður úr veldisstólnum. Það þyrfti ekki nema milda tegund af verzlunar- og viðskiptabanni til að beygja íslenzku kommúnistana svo, að þeir yrðu að sleppa taki af þjóðinni.

Þetta var útlenda hliðin. En byltingarmenn hafa hér aðra aðstöðu en á Rússlandi. Hér á ekki keisari, aðall eða kirkja jarðeignir þær, sem bændur nytja. Hér er ekki hægt að gera kommúnistum að vini með því að gefa jarðir í meðgjöf með byltingu. Í Rússlandi var bændastéttin afar bæld og vön kúgun. Hér hefir bændastéttin í þúsund ár varið mál sitt og menningu fyrir allra erlandri aðsókn, hér er bændastéttin í heila öld búin að vera meginstyrkur í frelsisbaráttu þjóðarinnar, og loks er bændastéttin í hálföld búin að gera verzlun landsins innlenda, þjóðlega og með fullkomnu lýðræðisniði.

Íslenzku bændurnir yrðu öðruvísi mótstöðumenn aeldur en rússnesku bændurnir. Og þeir hafa öðruvísi land til varnar. Það er gersamlega ómögulegt, hvorki fyrir kommúnista eða svartliða, frá höfuðstað Íslands, að gera bændur landsins að þrælum sínum. Íslenzku sveitarmennirnir hafa lifað frjálsmannlega í sambúð við stórfengilega og erfiða náttúru í þúsund ár. Ekkert er fjarstæðara en að lítill byltingarflokkur úr kaupstöðunum geti undirokað þá.

En ég vil gera byltingarmönnum svo hátt undir höfði, og láta svo sem byltingin hafi komið yfir byrjunarörðugleikana, að leiðtogar íslenzkra byltingarmanna hafi strax beygt sig fyrir erlendum lánardrottnum og viðurkennt rétt þeirra til að innheimta hér lánað fé. Sömu leiðis, að bændastétt landsins hefði beygt sig fyrir bylt-

ingarstjórninni, og viljað gefa henni tækifæri til að skapa hér sameignarríki.

Lítum fyrst á leiðtogana, sem ættu að stýra hinu nýja ríki. Þar kæmu þá til skjalanna hinir háróma stúdentar frá Berlín. Nálega enginn þeirra hefir unnið nokkra gagnlega vinnu, eiginlega ekki lagt á sig annað en að prédika um ágæti byltingarinnar. Og á bak við þessa leiðtoga standa þó aðrir, sem enn minni eru fyrir sér, sælgætissalar og aðrar þvílíkar landeyður. Í öllum kommúnistaflokknum er ekki enn sýnilegt, að til sé nokkur leiðtogi, sem gæti staðið fyrir erfiðri, félagslegri framkvæmd, ef á reyndi.

Tökum útveginn. Hann þarfnast árlega mikils fjármagns frá útlöndum, og það fjármagn fæst því aðeins til reksturslána, að um tiltrú sé að ræða hjá erlendum þjóðum. Sú tiltrú væri óhugsandi, ef um byltingarríki væri hér að ræða, jafnvel þótt dugandi menn væru við stýrið. Ef kommúnistar sætu hér að völdum, þá myndi stjórn landsins vanta gersamlega tiltrú fjármálamanna í næstu löndum, einmitt þar sem skiptin yrðu að gerast. Og án fjármagns og trausts í skiptum við erlendar þjóðir, gæti útgerð landsins ekki staðizt. Vegna vantandi tiltrúar viðskiptalandanna myndi kommúnistaríki á Íslandi þegar í stað skapa hungursneyð í kaптúnunum og kaupstöðum, þar sem flestir lifa af störfum við útgerð og fiskvinnu.

Tökum landbúnaðinn. Trúboðar kommúnista lýsa íagurlega jarðrækt Rússa, hversu dráttarvélar og mótörplógar fara um landið, og stórframleiðslan dafnar í skjóli vélanna. Vafalaust er talsvert af sögunum um sameignarbúskap Rússa gyflingar og ýkjur. En látum svo vera, að á þeirra slétta og samfellda landi geti jarðræktarvélar gert mikil héruð að akri. En eru aðstæður eins hér? Þarf ekki meira með hér á landi við jarðyrkjuna en að setja dráttarvélar og gufuplóga í hreyfingu, og plægja í samfelldar breiður heilar sýslur? Allir sjá, að slíkt er fjarstæða í framkvæmd. Landshættir, veðurátta, og markaðs-

skilyrði gera ófæra þá leið, sem Rússar hafa farið um sameignarbúskap á samfelldu ræktarlandi.

Og tökum enn einn þátt, sjálft fólkíð, og væntanlega sambúð þess og nauðungar-samvinnu. Búast menn við að Íslendingum yrði auðvelt að starfa í sameignarríki? Ekki bendir reynslan á, að svo sé. Í þúsund ár hafa forfeður okkar búið í dreifbýli í landinu og unna bezt því skipulagi. Sézt það bezt í byggð kaптúna og kaupstaða, þar sem allir reyna að byggja húsin einstök, þó að sambyggingar ættu að vera ódýrari. Í sumum sýslum landsins þrífst alls ekki tvíbýli á sömu jörð, vegna gróinnar einstaklingshyggju. Ef framkvæma ætti kommúnisma hér á landi, þá myndi hið þvingaða samstarf og sambúð verða óbærilegt bøl fyrir landsfólkið. Í stað þess að frjáls samvinna á vel við Íslendinga, enda byggð á æfingu bændastéttarinnar í gagnkvæmri frjálsri hjálp frá því í fornöld, þá hefir öll nauðungarsamvinna gefizt illa hér á landi, og því ver, sem hún hefir meir gripið inn í persónulegt líf manna eða vinnubrögð þeirra.

Niðurstaðan á þessum athugunum er því sú, að kommúnisminn hafi ekki upp á neitt að bjóða, sem á að geta hrifið hugi æskunnar hér á landi. Í Rússlandi er byltingarstefnan vaxin upp úr gersamlega ólíkum jarðvegi, þjóðerni og stjórnarháttum. Í Þýzkalandi hefir kommúnisminn leitt yfir öreigana gagnbyltingu með hinni grimmustu kúgun, sem sagan segir frá, að beitt hafi verið við menntaða þjóð. Í öðrum frændlöndum okkar er byltingarstefnan gersamlega áhrifa- og fylgislaus.

Ef spurt er um verk kommúnista hér á landi, þá eru þau engin, ef frá er talið trúboð þeirra. Hvar sem lítið er til á landinu, hafa þeir forðast að vinna að hagnýtum umbótamálum með öðrum flokkum. Auk þess er ekki sýnilegt, að flokkur kommúnista ráði yfir nokkrum þeim starfskröftum, sem færir væru um að stýra sameiginlegum félagsmálaframkvæmdum. Vegna þess hve þjóðin er lítil og í verzlunarefnum gersamlega háð því að geta haft vöruskipti við nábúþjóðirnar, þá er óhugsandi

fyrir íslenzkt kommúnistaríki, að geta í þeim efnum verið sjálfu sér nóg, eins og Rússland, sem nær yfir sjötta hlut alls þurlendis á jörðunni, með öllum þeim náttúrugæðum, sem menningarþjóðirnar þekkja. Þar við bætist svo einstaklingshyggja þjóðarinnar, dreifing hennar, landshættir, sem valda því, að einmitt dreifðu einstaklingarnir sem stýra sjálfir vinnu sinni, geti bezt notið gæða landsins.

Og að lokum bætist svo við sú hættu, sem orðin er að veruleika í Þýzkalandi. Byltingarumræður kommúnista gera aðrar stéttir að gagnbyltingamönnum. Við það klofnar þjóðfélagið í tvennt. Borgarastyrjöld sýnist þá óumflýjanleg. Annaðhvort sigra kommúnistar og beygja undir grimmelegt kúgunarvald alla menn úr öðrum stéttum, eða borgarastéttin sigrar og beygir verkalýðinn undir þrældómsokið, eins og í Þýzkalandi. Hvor kosturinn sem væri, myndi flestum þykja illur. Hér á landi myndi að líkindum skapast þriðja tegundin af hörmungarástandi, nefnilega stjórnleysi og ný Sturlungaöld. Hvorki öreigar né borgarar myndu geta náð eða haldið alræði, heldur myndu átökin leysa sundur þjóðfélagið og skapa fullkomna upplausn og menningarleysi.

Það er hér fyllilega viðurkennt, að eins og farið var stjórnarháttum Rússa, þá var eðlilegt, að verkamenn og bændur reyndu að hrinda af sér oki keisarans, aðalsins og kirkjuvaldsins. Og stærð landsins, náttúrugæði þess, fjölmenni þjóðarinnar og einangrun landsins, hafa gert Rússum kleift að halda uppi nýju og óvinsælu stjórnarfari í 15 ár, þrátt fyrir sameinaða andstöðu flestra annara þjóða. En jafnframt verður að viðurkenna, að ekkert af þessum skilyrðum eru til hér á landi. Byltingarframkvæmdir kommúnista á Íslandi hljóta allsstaðar að reka sig á óyfirtíganlega erfiðleika. Lega landsins, sem er opið öllum siglingaþjóðum, einangrun þess í hafinu, fámenni og varnarleysi þjóðarinnar, einhæfni framleiðslunnar og óhjákvæmileg þörf þjóðarinnar, að hafa mikil og stöðug verzlunarskipti við aðrar þjóðir, einmitt um

brýnustu lífsnauðsynjar: allt þetta, auk fleiri fyrgreindra röksemda, gerir fullkomlega ómögulegt fyrir kommúnista að framkvæma ráðagerðir sínar hér á landi.

Þess vegna er það ljóst, að það bráðabyrgðarfylgi, sem kommúnisminn hefir fengið hér á landi, hjá nokkrum hluta æskunnar, hlýtur að þverra og það fyr en varir. Kommúnisminn á Íslandi rekur sig allsstaðar á lokaðar dyr. Honum eru allar bjargir bannaðar. Kommúnistar geta ekki unnið að umbótum í landinu með öðrum mönnum. Þeir geta ekki gert byltingu. Og jafnvel þótt kommúnistisk bylting væri framkvæmanleg í bili, þá myndi hún svo að segja strax stranda á innri og ytri mótstöðu. Þegar til lengdar líður, hljóta kommúnistar hér á landi að finna, að ekki er hægt að halda uppi stefnu, sem lofar þúsundaráríki, en getur aldrei staðið við neitt, og aldrei gefið fylgismönnum sínum forsmekk sælunnar, svo mikið sem eitt augnablik.

V.

Allt öðru máli er að gegna um samvinnustefnuna. Hún er búin að hafa djúptæk áhrif á þjóðina í hálfu öld. Hún hefir verið uppspretta flestra umbóta, sem þjóðin hefir starfað að síðan um 1880. Verk hennar tala. Hún hefir átt marga ágæta forgöngumenn, og er stöðugt að skapa nýja brautryðjendur. Samvinnan sýnist vera sú hagfræðis- og auðsjöfnunarstefna, sem bezt fullnægir kröfum og þörfum Íslendinga, eftir sögu okkar og landsháttum.

Hver sá æskumaður, sem afræður að ganga vegi samvinnunnar, finnur undir eins ný og frjó verkefni. Hann getur snúið sér að því að bæta verzlun landsins, skapa ný samvinnufélög um verzlun, iðnað eða útgerð. Hann getur snúið sér að ræktun landsins með skipulagi samvinnubýlanna. Hann getur snúið sér að því, að bæta úr húsnæðisþörf kaupstaða og kauptúna með samvinnuhúsum. Í félagsmálum getur hann tekið þátt í starfsemi stjórnmalaflokka, sem byggir á réttlætishugsjón samvinnunnar.

Í stað þess að kommúnistinn einangrast við draum-sjónir, sem aldrei nálgast veruleikann, þá fær samvinnu- maðurinn undir eins að sjá ávöxt verka sinna, ef hann vinnur með trúmennsku. Hann tekur jafnan í strenginn með þeim, sem eru að vinna að því að gera landið betra og byggilegra fyrir þjóðina, fyrir alla.

Íslenzk æska hefir þúsund verkefni framundan, sem bezt verða leyst af samvinnuönnum. Hver fjölskylda hefir sitt heimili, og er óháð öðrum. En menn taka hönd- um saman og lyfta með frjálsum samtökum bjargi úr veg- inum, sem einstaklingur gat ekki hreyft. Ég sé í anda býlum fjölga í sveitinni, ný heimili myndast, að nokkru í þéttbýli, þar sem nokkrar fjölskyldur ræsa fram landið, rækta í félagi, eiga sum hin dýrari jarðyrkjuverkfæri saman og nota þau í samvinnu. Ég sé í anda bætt úr húsaþörf sjóþorpa og kaupstaða, með samvinnuhúsum, sem eiga að verða hollari og ódýrari vegna skipulagsins, samtakanna og framsýnnar. Ég sé í anda samvinnu- flotann, þar sem verkföll og verkbönn hverfa, af því að yfirmenn og undirmenn eru sameiginlegir eigendur, sem skifta réttlátlega með sér arði framleiðslunnar. Ég sé verzlun samvinnunnar halda áfram að blómgast, og þær stéttir, sem enn halda uppi óþörfum milliliðum, hverfa að sannvirðisverzlun. Ég sé samvinnuiðnaðinn vaxa, þar til Íslendingar vinna úr hrávöru sinni og náttúrugæðum í félagi, eins og þeir gera nú með dúkagerð á Akureyri, eða mjólkurvinnsluna á hinum stóru samvinnubúum.

Þannig eru skilyrði beinlínis ótakmörkuð fyrir vexti samvinnunnar hér á landi. Hún nær til allra sem vilja vinna sjálfir og vilja vinna með öðrum. Samvinnan gefur engin heit, sem hún ekki getur staðið við.

Unga kynslóðin í landinu hefir nú um stund litið háru auga til byltinganna úti í löndum og dreymt um auðunna sigra sér til handa. Og forkólfar kommúnista hafa gyllt draummyndir sínar, en um leið reynt að gefa æskunni þá hugmynd, að samvinnan væri dauð og úelt stefna, sem á engan hátt gæti bætt lífskjör nútímamanna.

En þetta er háskaleg villa. Byltingarstefnan hefir enn ekkert gert til gagns fyrir þjóðina, heldur hið gagnstæða, ef nokkuð er. Og byltingarstefna getur ekki skapað Ís- lendingum neina framtíð. Þróun hennar mun hiklaust leiða til kyrstöðu, og síðan til innanlandsátaka, sem eyði- leggja framtíð einstaklingsins og þjóðarinnar í heild sinni.

Ég hefi nú leitt rök að því, sem ekki verða hrakin, að kommúnismi getur ekki orðið nema til óláns og óham- ingju fyrir þjóðina, en samvinnan er aftur á móti brúin yfir til vaxandi gengis fyrir einstaklinga og þjóðarheild- ina. Vonandi skilur unga kynslóðin, hvorn veginn ber að torðast og hvorn að fara.

Jónas Jónsson.